



Vatnsorkudeild. Framhlaup Eyjabakkajökuls

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-96-01

VATNSORKUDEILD FRAMHLAUP EYJABAKKAJÖKULS

Vegna þeirrar vinnu sem nú er í gangi við að herma rennsli Jökulsár í Fljótsdal er rétt að gaumgæfa þær breytingar sem hafa orðið á Eyjabakkajökli á undanförunum áratugum því þannig er unnt að komast miklu nær um breytilega leysingu á jöklinum og þar með langtímabreytingar á rennsli Jökulsár.

Í gögnum Jöklarannsóknafélags Íslands er að finna upplýsingar um framhlaup Eyjabakkajökuls. Þar er þess getið að 25. ágúst 1972 varð Jökulsá í Fljótsdal óvenju skollituð. Þann 20. september 1972 sáu gangnamenn að jökullinn var skriðinn fram, á að giska 800-1000 m [gæti verið ofátlað en alls ekki ómögulegt]. Dagana 7.-21. október skreið jökullinn 370 m og 22. október datt rennsli í Jökulsá í Fljótsdal við Hól niður í 1,2 m³/s. Nítjándi apríl 1973 er giskað á að jökullinn hafi skriðið fram 220-250 m frá 21. október 1972. Frá þeim degi til 4. október 1973 skreið jökullinn 620 m. Samtals hefur jökullinn skriðið fram 1,5-2 km. Velþekkt er að gangur var í jöklinum 1890 samtímis miklu framhlaupi Brúarjökuls. Þá mun jökullinn hafa gengið lengst fram á sögulegum tíma því til er lýsing á að hann óð yfir algróið land og velt upp miklum jarðvegsvafningum sem eru kallaðir hraukar eins og Töðuhraukarnir við Brúarjökul hjá Kringilsá.

Sögur eru á kreiki um framhlaup á 4. áratugnum. Í Landinu þínu eftir Þorstein Jósefsson og Steindór Steindórsson er getið um að jökullinn hafi hlaupið fram

1931 og 1938 en allt um það þá hafi jaðarinn hropað 1300 m frá því 1890. Ártal þeirrar breytingar hef ég ekki. Eflaust má fá fyllri gögn um það ef heimildir verða kannaðar.

Heimildir um gang í jöklinum 1931 þekki ég ekki, en Ingólfur Gunnarsson bóndi a Valþófsstað man greinilega eftir (haustið 1995) að seint á 4. áratugnum (e.t.v. 1938) kom hann í göngum að jökuljaðrinum þar sem hann skreið eins og klettabelti fram um hraukana á Eyjafelli.

Framhlaupið 1972-73 nam skv. gögnum Jörfrí 1,5-2 km sem ofan segir. Ekki er vitað hversu stór hluti af jökuljaðrinum skreið fram en líklegt er að það hafi fyrst og fremst verið totan sem gengur niður á Eyjabakka. Hún er 4 km breið og má því fara nærri um að flatarmál jökulsins hefur stækkað um allt að 10 km² þar af 6-8 km² neðan við 700 m y.s. þar sem leysing er mest á jöklinum. Flatarmálsaukning um 10 km² eykur líklega sumarrennsli Jökulsár í Fljótsdal um a.m.k. 40 Gl að jafnaði, sem er um 5% af meðalársrennsli 1990/91-1993/94 við Eyjabakkafoss.

Unnt er að komast nær um réttar tölur með því að bera saman loftmyndir frá 1960 og gervitunglamyndir frá 1972 og 1973.